

Samgönguráðuneyti  
Eiríkur Bjarnason  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Ísafirði 11. desember 2006

*Athugasemdir við Umhverfismat samgönguáætlunar 2007-2018*

Samkvæmt samþykkt Fjórðungsþings Vestfirðinga skal á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa samgöngunefnd. Kjör nefndarinnar fer fram Fjórðungsþingum Vestfirðinga á tveggja ára fresti. Í henni sitja fjórir fulltrúar, einn frá hverju samgöngusvæði Vestfjarða og einn fulltrúi sem kjörin er af stjórn sambandsins og er um leið formaður nefndarinnar. Samgöngusvæði hafa verið skilgreind á Vestfjörðum sem Strandasýsla, Reykhólahreppur (Austur Barðastrandasýsla), Vestur Barðastrandasýsla og Ísafjarðarsýslur.

Í nefndinni sitja;

Guðni Geir Jóhannesson, formaður, Ísafirði, Ísafjarðarbæ  
Þórólfur Halldórsson, Patreksfirði, Vesturbyggð  
Már Ólafsson, Hólmavík, Strandabyggð  
Jóhann Hannibalsson, Bolungarvíkurkaupstað  
Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólahreppi

Á fundi nefndarinnar þann 29. nóvember s.l. var fjallað um drög að samgönguáætlun og Umhverfismat samgönguáætlunar 2007-2018. Nefndin samþykkti eftirfarandi athugasemdir við Umhverfismat samgönguáætlunar 2007 -2018.

1. Með tilvísun í heimildaskrá umhverfismats samgönguáætlunar 2007-2018, telur samgöngunefnd rétt að beina til starfshópsins sem vann að gerð umhverfismatsins á eftirfarandi heimildir;

- Skýrslu í útgáfu iðnaðarráðuneytis frá janúar 2005 fyrir starfshóp um Byggðaáætlun Vestfjarða, *Vaxtarsamningur Vestfjarða, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar*.
- Skýrsluna *Samanburður vegtenginga á Vestfjörðum - Vestfjarðavegur og Djúpvegur- Samfélagsáhrif og arðsemi – Ágúst 2005*. Unnin fyrir Reykhólahrepp, Tálknafjarðarhrepp og Vesturbyggð, af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, höfundar: Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson.
- Skýrsluna *Áhrif álagningar olíugjalds á flutningskostnað á Vestfjörðum Júní 2006*, höfundur Þuríður Gísladóttir, hjá Rannsóknasetri verslunarinnar, Bifröst (RSV 06:02). Skýrslan er unnin fyrir sjávarútvegsklasa innan Vaxtarsamnings Vestfjarða.

2. Á bls 11.í töflu 10.1. Yfirlit yfir helstu vegaf framkvæmdir. Verkefni 19, þar vantar að tilgreina að verkefnið sé einnig í sveitarfélaginu Vesturbyggð ásamt Reykhólahreppi. Verkefnið 23, þar vantar á sama hátt, að tilgreina að verkefni sé einnig í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ ásamt Bolungarvíkurkaupstað.

3. Á bls 11. í töflu 10.1.. Yfirlit yfir helstu vegaf framkvæmdir. Verkefni 20 og 21 Vestfjarðavegur 60, Dynjandisheiði. Hér telur samgöngunefnd að tilgreina verði jarðgöng undir Dynjandisheiði sem valkost í vegagerð. Slíkt er í samræmi við vilja sveitarfélaga á Vestfjörðum samanber samþykkt um samgöngumál frá Fjórðungsþingi 2004. Hér skal einnig vísað til tillögu 18 í Vaxtarsamningi Vestfjarða um styttingu leiða um Hrafnseyri- og Dynjandisheiði Göngin eru tilgreind í Jarðgangaáætlun frá árinu 2000, sem valkostur í vegagerð og hafa þá kosti að stytta vegalengdir jafnt innan sem utan svæðis og að vegur liggi á láglendi. Samgöngunefnd telur eðlilegt að slíkur valkostur sé tilgreindur í samgönguáætlun sem nær svo langt sem til ársins 2018.

4. Á bls 11, í töflu 10.1. Verkefni 23, Djúpvegur, jarðgöng um Óshlíð. Verkefnið var ekki tilgreint í samþykkt um samgöngumál frá Fjórðungsþingi 2004, en gerð var samþykkt um verkefnið á Fjórðungsþingi 2005 á þeim forsendum að forgangsroðun annarra samgönguverkefna á Vestfjörðum yrði ekki breytt. Hin nýja tillaga um jarðgöng um Óshlíð hefur ekki verið rædd áður í samgöngunefnd Fjórðungssambandsins, en nefndin styður þetta verkefni enda um brýnt öryggismál að ræða og verður leyst með sérfrármögnun.

5. Bls 31. kafli 15.3.1. varðandi umfjöllun þar sem fjallað er um að tvær mismunandi leiðir séu valdar að sömu markmiðum “s.s. að tengja Ísafjörð betur við höfuðborgarsvæðið [um Djúpvæg og um Vestfjarðaveg]...Slíkar aðgerðir eru ekki taldar eins markvissar”. Að mati samgöngunefndar er hér horft of langt til baka, slíkar ábendingar hefðu verið viðeigandi í framhaldi af ákvörðunum sem teknar voru fyrir um 15 til 20 árum síðan. Annarsvegar ákvörðun um gerð vegar um Steingrímsfjarðarheiði og síðan ákvörðun um jarðgöng undir Breiðadal- og Botnsheiðar. Tillögur í samgönguáætlun 2007-2018 um vegagerð á Vestfjörðum hafa hinsvegar ekki einungis eitt meginmarkmið fyrir Ísafjörð heldur að minnsta kosti tvö. Annarsvegar að stytta leiðir til höfuðborgarsvæðis og hinsvegar og ekki síður, að framfylgja því markmiði stjórnvalda að styrkja Ísafjörð sem byggðakjarna fyrir Vestfirði og styrkja þá um leið atvinnu- og þjónustusvæði í tengslum við þéttbýlisstaði á Vestfjörðum. Til þess að uppfylla þetta markmið er forsendan öflugar tengingar til allra samgöngusvæða Vestfjarða.

Það er mat samgöngunefndar að undir þetta sé einnig tekið síðar í skýrslunni í kafla 15.5 bls 36. [þess efnis að við lausn samgöngumála eigi að horfa til] “samræmi í heildarstefnumótun í byggðamálum”. Miðað við þetta markmið Byggðaáætlunar 2006-2009 er í raun óþarft að velta upp umfjöllun sem tilgreind er hér í upphafi.

6. Bls 35 og 36. kafli 15.4.1. Þungaflutningar. Samgöngunefnd telur æskilegt að við umhverfismat á samgönguáætlun sé tekið tillit til nýjustu þróun í skipaflutningum innanlands. Hafnir á Vestfjörðum þ.e. frá Patreksfirði til Ísafjarðar liggja þannig að flutningaleiðin sjóleið er styttri en landleiðin er til Vestfjarða, sé farið norður fyrir land. Bætt flutningsgreining (logistic) gefur til kynna að mögulegt sé að stunda með hagkvæmum hætti strandsiglingar milli Faxaflóahafna og Vestfjarða samhliða þungaflutningum á landi.

F.h. samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.